

Fundur 4.11.2019 Halldóra frá Fáskrúðsfirði, var uppi á 16.öld.

Komið þið nú sæl.

*Já vertu velkominn.*

Fagna ég því að tala til ykkar loksins og vonandi tekst mér að segja sögu mína í fáum orðum.

*Vertu velkominn.*

Pakka þér fyrir, við verðum að hlusta í fjarska og bíða okkar tíma, ég hef, við höfum setið og hlustað á sögur fólks frá gömlu jörðinni og gerum við okkur grein fyrir því að ekki komast allir í gegn og höfum við fræðst af öllum þeim margvíslegu og furðulegu tilvistarstigum sem til eru í alheiminum.

Oft höfum við setið og hlustað á sögur af fólki sem við höfum kannast við eða þekkt þeirra aðstæður og vildum gjarnan hafa samband við það fólk en okkur hefur ekki verið það unnt nema nokkrum sinnum, þar sem mannkyn okkar hefur ekki komist á það kærleika stig og samstillingar stig að okkur hafi verið unnt að tengjast öllum þeim furðulegu mannkynjum sem sumir á okkar hnetti kalla geimverur og hygg ég að það hugtak sé ekki óþekkt ykkur.

*Einmitt, aldeilis ekki.*

Með þessum orðum er ég að lýsa því að viðhorf okkar jarðarbúa eru blendin til þessa málaflokks og fer það þó batnandi og hefur okkur því verið unnt að tengjast æ fleirum af þeim sem við höfum komist í samband við á fundum okkar, á jörð okkar sem eru orðnir fjölmargir nú, þegar ég mæli þessi orð og erum við bjartsýn á framhaldið.

Við höfum aðeins nokkrum sinnum vitað til ykkar áður og talaði til okkar sami maður og fræddi ykkur um ýmsa leyndardóma, Breskur maður sem eftir það kom í gegn í fundum okkar og hefur frætt okkur um það sérstaklega að reyna að ná sambandi við ykkar hnött og er það gamli hnötturinn minn.

Og er mér það mikið fagnaðarefni að ná sambandi við ykkur, er þessi maður sem ég minntist á trúarbragðafræðingur, veit ég að þið vitið um hvern ég er að tala.

*Ian Collins ?*

Já það er rétt og

*Hann er merkilegur.*

Já, hefur unnið þarft starf, nauðsynlegt í þessum málum og höfum við kannski sömu vandamál og þið, en höfum, þekkjum gömlu trúarbrögðin mörg hver og vildi ég hér í kvöld tala fyrirgefninguna.

Veit ég ekki hvort mér tekst að, finn ég að þetta er mikið mál og það sem ég hafði búið mig undir að segja og koma í gegn, verð að stytta mál mitt, en ég vil nefna nafn mitt og segja á mér deili ef þess er nokkur kostur.

Finnst mér stórt skref stigið með því að ná til ykkar og finn að það er mikilvægt að koma því í gegn sem til var ætlast.

Mögnumst við af öllum þeim Guðum og Gyðjum sem í sal þennan stíga og hafa þau gert okkur kleift að halda fundum þessum gangandi, hvort sem það eru okkar Norrænu Guðir eða Gyðjur eða Indversku Goðmögnin fjölmörgu eða Kristur og hin margvíslega trúarhefð Austurlanda, þótt ekki sé alltaf hægt að viðhafa sömu aðferðir.

Vil ég segja á mér deili, ég kem frá ykkar landi, ég preytist og ég finn að það er

*Ert þú löngu farinn af jörðinni ?*

Já, löngu farinn, okkur tekst ekki að koma öllu í gegn en ætla ég að reyna betur

*Ert þú fornmaður ?*

Íslensk kona,

*Hvað heitir þú ?*

Halldóra frá 16. öld.

*Hvar varst þú hér á jörðinni ?*

Austfjörðum, lifði margar jarðvistir og ég hef, við höfum skynjað til ykkar hnattar og vitum hvers kyns ástatt er og margt sem gleður okkur og annað sem betur mætti fara.

Ég hef ekki mikla orku til að koma þessu öllu til skila, en ég æta í fáeinum orðum að reyna að fara yfir það og kem svo aftur síðar.

*Þú varst að nefna fyrirgefninguna áðan.*

Það er stórmerkilegt að til sé tveir hnettir þar sem ekki er langt síðan að við vorum, ekki er langt síðan sá hnöttur sem ég dvel nú á, hafði verið frumlífs hnöttur.

Hægt er að flytjast á orkumikla hnetti, þó þeir hafi verið áður frumlífs hnettir.

Ég dvaldi með englunum eins og sagt er, síðustu tvær jarðvistir, en hafði verið á hnöttum með bundinn möndulsnúning, í fyrstu tveimur jarðvistum og komst ég þó á hnetti þar sem jafnvægi var á í þessum málum og fyrirgefninguna já, ég kem því ekki öllu fram sem ég ætlaði að koma í gegn, en vildi það sagt hafa að þótt líkaminn sé tilbúinn og þótt fjölmargir sem frá æðri tilverustigum sem reyna að hjálpa manni, þá kemst maður ekki á betri hnött, fyrr en sálin er tilbúin og fyrirgefningin kemur að innan.

Hef ég reynt að fylgjast með kvenréttinda málum á ykkar jörð og eru þau þess eðlis þau mál sem ég vildi fjalla um hér og mál sem mér var sagt frá af Collins og fleirum sem af æðri lífstöðvum hafa við okkur talað og setti lífshlaup okkar í samhengi að við höfum ekki komið því í gegn hvernig aðstæður þær fjölmörgu á vísis hnöttum þeim sem ykkur og öðrum hafa verið send, hafa boðið upp á misnotkun karla á konum og börnum.

Og er það löng saga og mikil og veit ég að þið skiljið hvað ég er að fara, en þegar opnast umræðan um þessi mál á ykkar hnetti, opnast á samböndin að lýsa því sem gerst hefur á öðrum hnöttum.

Ég vildi í nokkrum orðum segja frá lífinu á hnöttum þar sem sólin er stöðugt hátt á lofti og hef ég þar dvalist lengi og var ég þar, átti ég þar æfi, lengri æfi en ég átti á þeim hnöttum þar sem veðurfar var verra, var mér þó sagt að, af Collins og fleirum sem við okkur hafa talað, að ekki eru allir fastir á þeim hnöttum til eilíðar, heldur geta farið á aðra hnetti er þeir sökum ellihrumleika þurfa að deyja og komi þar fram á þessum hnetti.

Vonast ég til að geta talaði við ykkur síðar, þið munið mitt nafn og frá Fáskrúðsfirði og bjó ég víðar á Íslandi, reyni að koma því að síðar.

Verið þið sæl.

*Já vertu velkomin aftur, vertu sæl.*